

Hér með gera Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG UM REKSTUR TÓNLISTARSKÓLA

1. gr.

Aðilar samnings þessa standa saman að rekstri Tónlistarskólans á Akranesi.

Með samningi þessum skal stefnt að eflingu tónlistarlífs meðal íbúa í aðildarsveitarfélögunum með því að gefa sem flestum kost á að sækja fjölbreytt tónlistarnám við Tónlistarskólann á Akranesi.

Stefnt skal að því að tónlistarnám fari fram á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit eftir nánari útfærslu skólastjórnenda.

2. gr.

Árlegum rekstrarkostnaði, öðrum en reiknaðri innri leigu, skal skipt á sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hvoru sveitarfélagi. Skal hlutfall þetta miðast við íbúafjölda sveitarfélaganna 31. desember ár hvert, en kostnaðarskipting vera samkvæmt því hlutfalli næsta almanaksár á eftir.

Kennsla á vegum Tónlistarskólans fer fram í Tónlistarskólanum sjálfum og í grunnskólum á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit. Samkomulag er um að Hvalfjarðarsveit taki þátt í reiknaðri innri leigu við rekstur tónlistarskólans með því að greiða hluta að reiknaðri innri leigu af Tónlistarskólahúsinu á Akranesi. Þessi kostnaðarþátttaka Hvalfjarðarsveitar reiknast hlutfallslega miðað við fjölda nemenda úr Hvalfjarðarsveit sem stundar nám í Tónlistarskólahúsinu á Akranesi, miðað við heildarfjölda nemenda sem stundar nám í húsinu. Með fjölda nemenda er átt við meðalfjölda innritaðra nemenda í upphafi hvorrar annar ár hvert.

rekstur
+
innri
leiga

3. gr.

Við rekstur Tónlistarskólans á Akranesi skal tekið tillit til þeirra sem búa í Hvalfjarðarsveit og hyggjast stunda tónlistarnám. Skal skólastjóri Tónlistarskólans gera tillögu um með hvaða hætti best verði tekið tillit til þeirra sem búa utan Akraness.

4. gr.

Tónlistarskólinn á Akranesi er að stofnun sem heyrir undir Akraneskaupstað og Akraneskaupstaður er stjórnarsýslulegt yfirvald skólastjórnenda og skólanefndar Tónlistarskólans. Í skólanefnd Tónlistarskólans sitja fjórir fulltrúar, þrír skipaðir af Akraneskaupstað og einn skipaður af Hvalfjarðarsveit. Við atkvæðagreiðslur í skólanefnd Tónlistarskólans hefur atkvæði formanns tvöfalt vægi.

5. gr.

Bæjarskrifstofurnar á Akranesi annast bókhald og fjárreiður vegna rekstrar Tónlistarskólans. Fyrir hvert almanaksár skal semja fjárhagsáætlun og reikna út skiptingu kostnaðar á milli sveitarfélaganna. Hvalfjarðarsveit greiðir framlög sín árfjórðungslega fyrirfram. Endanlegt uppgjör kostnaðar fer fram þegar uppgjör Tónlistarskólans liggur fyrir.

6. gr.

Samningur þessi gildir ótímabundið frá og með 1. janúar 2008 og kemur í stað eldri samnings frá 12. maí 2007. Réttindi og skyldur aðila samkvæmt eldri samningi skulu haldast óbreytt fram að gildistöku þessa samnings, en eldri samningur fellur niður við gildistöku þessa samnings, án frekari aðgerða af hálfu aðila.

ESH
KEJ
An

Hvor samningsaðili um sig getur skriflega óskað eftir endurskoðun á einstökum ákvæðum samnings þessa með 6 mánaða fyrirvara, eða sagt honum skriflega upp með 12 mánaða fyrirvara og skal uppsögn þá miðast við áramót.

Akranesi, 20. desember 2007,

F.h. Akraneskaupstaðar:

Kæra Jónsdóttir
Guðmundur
S. Páll

F.h. Hvalfjarðarsveitar:

Einar Þ. Þorláksson
Haukprentun Vith.